

Alþingi
Erindi nr. P 128/940
komudagur 10.2.2003

Akraneskaupstaður

JPP/rp
Skj. 000.2/AK14997



Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 REYKJAVÍK.

Á fundi bæjarráðs Akraness, sem haldinn var þann 6. febrúar 2003, var m.a. tekið fyrir bréf félagsmálanefndar Alþingis, dags. 31.1.2003, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um vatnsveitur sveitarfélaga 422. mál, rekstrarform, arðgreiðslur o.fl.

Bæjarráð Akraness gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins.

Það tilkynnist hér með.

Akranesi, 7. febrúar 2003.

Virðingarfyllst,

Jón Pálmi Pálsson, bæjarritari

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/998
komudagur 14. 2. 2003



Akureyrarbær
Bæjarlögmaður

Alþingi - nefndasvið
Helga E. Þórisdóttir
Þórshamri v/Templarasund
150 REYKJAVÍK

Akureyri, 13. febrúar 2003
Tilvísun: 2003020006 / 44-001

Efni: Umsögn Akureyrarbæjar um frumvarp til laga um breytinga á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991, með síðari breytingum.

Hálagt er umsögn Akureyrarbæjar um frumvarp til laga um breytinga á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991, með síðari breytingum.

Á fundi bæjarráðs dags. 13. febrúar 2003 var gerð svofelld bókun:

Stutt lýsing umræðuefnis: Erindi dags. 31. janúar 2003 frá félagsmálanefnd Alþingis þar sem óskað er umsagnar um frumva sveitarfélaga, 422. mál.
Bæjarlögmaður lagði fram tillögu að umsögn.
Bókun: Bæjarráð samþykkir tillögu bæjarlögmanns sem umsögn Akureyrarbæjar

Virðingarfyllst
f.h. Akureyrarbæjar

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Inga Þöll Þórgnýsdóttir'.

Inga Þöll Þórgnýsdóttir
bæjarlögmaður

Hjálagt:
Umsögn Akureyrarbæjar

Umsögn
um frumvarp til laga um breytingu á lögum um
vatnsveitur sveitarfélaga,
nr. 81/1991, með síðari breytingum.

128. löggjafarþing 2002–2003.
Þskj. 533 — 422. mál.

Umsagnaraðili: Akureyrarbær, kt. 410169-6229
Geislagötu 9, 600 Akureyri

Dags.: 13. febrúar 2003


Breytingartillaga á 3. gr. frumvarpsins:

Akureyrarbær gerir þá tillögu að 3. gr. frumvarpsins verði skýrð, á þann hátt að það sé engum vafa undirorpið að ákvæðið eigi ekki við ef rekstrarformi vatnsveitu hefur verið breytt í hlutafélagsform.

Eins og ákvæðið er í dag getur orðið sá misskilningur að ef vatnsveita er rekin í hlutafélagsformi þar sem eigandinn er sveitarfélag, þá sé eigandanum ekki heimilt að áskilja sér arð. Heimildin sé eingöngu til staðar ef vatnsveita er ekki sjálfstæður skattaðili.

Tillaga að við 3. gr. sé bætt nýrri málsgrein, svohljóðandi:

Ef vatnsveita er rekin í formi hlutafélags þar sem eigandi er eitt eða fleiri sveitarfélög, gilda ákvæði hlutafélagslaga um arðgreiðslur.


The stamp is circular with the text 'SVEITARLÖGMÁDURINN' at the top and 'AKUREYRI' at the bottom. In the center is a stylized map of Akureyri. A handwritten signature is written over the stamp.

Reykjavík, 24. febrúar 2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8–10
150 Reykjavík

BSRB hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991, með síðari breytingum, mál nr. 422.


BSRB ítrekar enn frekar andstöðu sína við hlutafélagavæðingu vatnsveitna og vísar til fyrri röksemda í því sambandi. BSRB telur að vísu þær breytingar sem fram eru komnar til bóta frá fyrra frumvarpi, en telur hins vegar ekki nóg að gert til að tryggja hagsmuni almennings hvað varðar þessa grunnþjónustu. Bent er á nýgerða samþykkt Sameinuðu þjóðanna um að nægur aðgangur að vatni metist sem grunnmannréttindi og að ekki beri að líta á vatn sem verslunarvöru. Vísast til neikvæðrar reynslu erlendis frá af einkavæðingu vatnsveitna og breytinga á reglugerðum í nafni aukinnar samkeppni, sbr. fylgiskjöl. Þá er nauðsynlegt að horfa til fyrirhugaðra lagabreytinga í ljósi alþjóðlegra skuldbindinga s.s. GATS-samningsins og gera sér ljóst hvaða hættur kunni að vera þeim samfara.

Þá er nauðsynlegt að benda á að sveitarstjórnarmál og þar með vatnsveitur sveitarfélaga heyra undir félagsmálaráðuneytið – ekki iðnaðar eða viðskiptaráðuneyti. Vatn er grundvallarmannréttindi, og ber að líta á það í ljósi samfélagslegra sjónarmiða og heilbrigðisþátta fremur en viðskiptasjónarmiðum.

Að mati BSRB er þó til málamiðlunarleið sem nær fram þeim meginmarkmiðum sem tilgreind eru í framlögðu lagabreytingarfrumvarpi ríkisstjórnarinnar (“Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu miða einkum að því að auka sveigjanleika í stjórn og rekstri vatnsveitna. Jafnframt skal stefnt að því að einfalda gjaldtökuheimildir vatnsveitna. Loks miða breytingarnar að því að hindra eftir megni soun neysluvatns”) og tryggir um leið þá hagsmuni almennings sem BSRB leggur mesta áherslu á að tryggja sbr. fyrstu grein frumvarpsins skv. tillögu BSRB.

Er hér farin sú leið að gera breytingatillögur við fyrirliggjandi lagatexta og færðar röksemdir fyrir þeim breytingum. Þá eru færð ýmis dæmi til stuðnings þeirri afstöðu BSRB sem hér er lögð til grundvallar, sjá fylgiskjöl.

F.h. BSRB


Svanhildur Halldórsdóttir

BSRB gerir tillögu um eftirfarandi breytingar á framkomnu frumvarpi ríkisstjórnarinnar til laga um breytingar á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991. Þar sem nýjar greinar bætast við færast önnur númer lagagreina eðlilega til svo samræmis sé gætt. Breytingartillögur BSRB eru feitiletraðar, skáletraðar og undirstrikaðar.

Fyrsta grein laga um vatnsveitur sveitarfélaga verði svohljóðandi:

1. gr. Réttindi manna til aðgangs að drykkjarvatni er undirstaða lífs og heilsu. Nægjanlegt og öruggt drykkjarvatn er forsenda annarra mannréttinda. Rétturinn að drykkjarvatni þýðir að allir eiga kröfu á öruggu, nægjanlegu, aðgengilegu vatni á viðráðanlegu verði sem nægi til daglegra þarfa einstaklings (til drykkjar, heimilishreinlætis, matargerðar og líkamlegs hreinlætis). Nægilegt drykkjarvatn á að túlka á þann veg að mannlegri reisn verði haldið en ekki með þröngum hætti með tilvísun í rúmmálseiningar og tækni, né heldur með því að meta vatn fyrst og fremst sem verslunarvöru. Viðhalda skal rétti manna til drykkjarvatns með sjálfbærum aðferðum sem tryggja að menn haldi þessum réttindum í nútíð og framtíð. Meginhlutverk vatnsveitna sveitarfélaga og skylda er að þessi markmið náist.

-Þessi grein er ný. Röksemdir BSRB:

BSRB telur ríka ástæðu til að undirstrika mikilvægi vatns sem mannréttinda í lögum þessum og að öll umfjöllun um meðferð vatns taki mið af þeirri grundvallarstaðreynd. Er texti fyrstu greinar því þýðing úr skjali nefndar Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg – félagsleg- og menningarleg réttindi (Committee on economic, social and cultural rights) en á vettvangi hennar var samþykktin um vatn sem mannréttindi gerð. (Sjá fylgiskjal 1.)

(The right to drinking water entitles everyone to *safe, sufficient, affordable* and *accessible* drinking water that is adequate for daily individual requirements (drinking, household sanitation,(8A) food preparation, and hygiene (9). The adequacy of drinking water should be interpreted in a manner consistent with human dignity, and not in a narrow way, by mere reference to volumetric quantities and technologies, or by viewing water primarily as an economic good. The manner of the realization of the right to drinking water must also be sustainable, ensuring that the right can be realized for present and future generations.)

2.gr. (1. gr.) Í kaupstöðum og bæjum skal bæjarstjórn starfrækja vatnsveitu í þeim tilgangi að fullnægja vatnspörf almennings, heimila og atvinnufyrirtækja, þar á meðal hafna, eftir því sem kostur er.

Í hreppum er hreppsnefnd heimilt að starfrækja vatnsveitu, sbr. 1. mgr., og leggja í framkvæmdir við gerð hennar enda sýni rannsóknir og kostnaðaráætlanir að hagkvæmt sé að leggja veituna og reka hana.

- Þessi grein stendur óbreytt.

3. gr Vatnsveita skal vera í eigu sveitarfélags og er sala hennar óheimil. Þó er sveitarstjórnnum heimilt að leggja og reka sameiginlega vatnsveitu, sbr. 5. gr.

Þessi grein er ný. Röksemdir BSRB: Breytingartilagan hnykkir á þeirri grundvallarskoðun BSRB að vatn teljist til mannréttinda, að það sé skylduverkefni sveitarfélaga að tryggja nægilegt, ódýrt og hreint vatn og það sé réttur íbúa hvers staðar að hafa tryggn aðgang að vatnsveitu í eigu viðkomandi sveitarfélags – enda sýni reynsla erlendis frá að þar sem opinberar vatnsveitur hafa verið einkavæddar fari þjónusta þeirra yfirleitt versnandi og vatnsgjöld hækkandi. BSRB bendir á hættuna á því að hlutafélagavæða vatnsveitur enda sé það fyrsta skref til væntanlegrar sölu þeirra úr höndum sveitarfélaga. Þessu fylgir hættu í tengslum við GATS-samninginn enda hefur Evrópusambandið nú gert kröfu til að drykkjarvatn verði fært undir þau þjónustusvið sem samningurinn nær til. Er þá búið að opna á aukna möguleika á sölu vatnsveitna til erlendra stórfyrirtækja. Er rétt að vísa til aðgerða ríkisstjórnar Hollands en hún taldi nauðsynlegt að leggja fram frumvarp sem tryggði hinu opinbera óskoraðan eignarrétt yfir vatnsveitum. (sjá fylgiskjal 2)

Ekki er nauðsynlegt að heimila breytingu á rekstrarformi vatnsveitu sveitarfélags, jafnvel þó sveitarfélagi sem hefur einkarétt á rekstri vatnsveitu og sölu vatns sé heimilað að framselja þann einkarétt, sbr. 6. gr.. Sveitarfélagið verði áfram eignaraðili vatnsveitunnar og er stjórn sveitarfélags óheimilt að selja þann eignarrétt úr höndum sveitarfélagsins. Með eignarrétti vatnsveitu er hér átt við nauðsynleg grunnvatnsréttindi, vatnsból, fasteignir vatnsveitunnar, fastan tækjabúnað, vatnsæðar og aðra fasta fjármuni. Með lagabreytingunni er eignaraðila (sveitarfélaginu) hins vegar heimilað að framselja einkaréttinn á “rekstri vatnsveitunnar og á sölu vatns”. Í þessu felst engin mótsögn en tryggt er að vatnsveitan haldist í eign sveitarfélagsins. Þennan einkarétt má framselja með “þeim skilyrðum og kvöðum sem ástæða þykir til”, t.d. getur sveitarfélag framselt eignarréttinn með skilyrðum um x % arð af rekstri hins nýja félags sem standa skuli undir eðlilegu viðhaldi og uppbyggingu vatnsveitunnar. Skv. 4.gr. frumvarpsins skal eigandi vatnsveitu, sveitarfélag, sjá um lagningu og viðhald allra vatnsæða hennar. Þarfir vegna uppbyggingar vatnsveitu og viðhalds miðast alltaf við þarfir íbúa sveitarfélagsins, sama hver rekstraraðili er. Sveitarfélagi sem eiganda vatnsveitunnar er þó heimilt að semja við rekstraraðila sem framseldur hefur verið einkaréttur um uppbyggingu mannvirkja og lagnakerfis. Sveitarfélagið fer áfram með stjórn eignarfélags vatnsveitunnar.

Af því leiðir, að þar sem lagafrumvarpið gerir ráð fyrir þeim möguleika að aðrir aðilar sjái um rekstur fyrirtækisins og sölu vatns frá því (sbr 4. gr.), að rétt er að 3. gr. (2.gr.) hljómi eins og að ofan greinir. Rekstrarformi vatnsveitu sveitarfélagsins er ekki breytt enda ekki nauðsyn til, svo að um tímabundið framsal einkaréttar geti verið að ræða.

Rekstrarform þess aðila sem fær þennan tímabunda einkarétt getur hins vegar verið með ýmsum hætti (hlutafélag eða annað).

Það er því skoðun BSRB að þetta ákvæði sé ekki í andstöðu við eitt meginákvæði frumvarps ríkisstjórnarinnar um að framselja megi tímabundið einkarétt sveitarfélags á rekstri vatnsveitu og sölu vatns.

4.gr. (2. gr.) Sveitarstjórn fer með stjórn vatnsveitu í sveitarfélagi, **nema annað hafi verið ákveðið.** Sveitarstjórn er heimilt að kjósa sérstaka stjórn til að hafa yfirumsjón með starfsemi vatnsveitunnar og fara með þau verkefni, sem sveitarstjórn eru falin með lögum þessum, í umboði hennar. Sveitarstjórn getur ráðið sérstakan vatnsveitustjóra til að annast daglegan rekstur vatnsveitunnar.

Með orðunum stjórn vatnsveitu er í lögum þessum átt við þann aðila sem ber ábyrgð á daglegri stjórn vatnsveitunnar hvort sem er um að ræða sveitarstjórn eða sérstaka stjórn vatnsveitunnar sem skipuð er skv. 2. mgr. þessarar greinar eða 5. gr. eða hafi einkaréttur sveitarfélags verið framseldur til annars aðila sem skipar sér stjórn sbr. 6. gr.

Hér gerir BSRB breytingartillögu við framkomið frumvarp til laga. Breyting verði á 1. mgr. þannig að við núgildandi lög bætist: **nema annað hafi verið ákveðið.** Hér er gerð sú breyting á frumvarpinu að orðið “rekstrarform” fellur út. Er það mat BSRB að ekki sé ástæða til að opna á mögulega hlutafélagavæðingu vatnsveitna sveitarfélaga með þessum hætti, sbr. texta hér að ofan. Lagafrumvarpið gerir ráð fyrir að sveitarfélög geti framselt tímabundið einkarétt sinn á rekstri vatnsveitna og sölu vatns til annarra stofnana eða fyrirtækja og sér BSRB enga lagalegan annmarka á að rekstrarform þeirra geti verið frjálst.

Þá setur BSRB spurningarmerki við hvort rétt sé að hafa orðaskýringar í texta laganna, sbr. aðra málsgrein. Þá telur BSRB rétt að bæta við þá orðskýringu, enda virðist ekki vera gert ráð fyrir að stjórn vatnsveitu geti verið í höndum fyrirtækis eða stofnunar sem fengið hefur framseldan einkarétt. Því er eftirfarandi viðbót lögð til: **eða hafi einkaréttur sveitarfélags verið framseldur til annars aðila sem skipar sér stjórn sbr. 6. gr.**

(5. gr. frumvarps ríkisstjórnarinnar er svohljóðandi:

Eiganda vatnsveitu er ár hvert heimilt að áskilja sér allt að 7% arð af eigin fé vatnsveitunnar. Ákvæði þetta gildir eingöngu um vatnsveitu sem er ekki sjálfstæður skattaðili og er að öllu leyti í eigu eins eða fleiri sveitarfélaga.)

Athugasemdir BSRB: 5. gr. frumvarps ríkisstjórnarinnar er felld á brott. Rök BSRB: Vísað er til fyrri athugasemda um samfélagslegt gildi vatnsveitna og að að vatn skuli vera öllum tryggt með ódýrum og aðgengilegum hætti. Ekki er hægt að sjá annað en að framkvæmd þessarar greinar muni kalla á miklar verðhækkningar á vatni og þar með ganga gegn þeim sjónarmiðum sem BSRB hefur þegar komið á framfæri hér að framan.

5. gr. (3.gr.) Sveitarstjórnnum er heimilt að leggja og reka sameiginlega vatnsveitu. Sveitarstjórnir skulu gera með sér samkomulag um með hvaða hætti veitan skuli lögð og rekin. Um samvinnu sveitarstjórna á þessu sviði skulu gilda ákvæði IX. kafla sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986,¹⁾ um byggðasamlög, nema um annað sé sérstaklega samið.

¹⁾Nú l. 45/1998.

- BSRB: Þessi grein er óbreytt.

6. gr. (4.gr.) Sveitarfélag hefur skyldur til lagningar vatnsveitu og hefur einkarétt á rekstri hennar og sölu vatns innan sveitarfélagsins. Einkaréttinn getur sveitarstjórn framselt stofnun eða fyrirtæki sem að meirihluta er í eigu ríkis eða sveitarfélaga og þar sem ríki og sveitarfélög fara með ráðandi hlut, um ákveðið tímabil í senn með þeim skilyrðum og kvöðum sem ástæða þykir til. Sveitarstjórn

sem framselt hefur tímabundið einkarétt sinn til rekstrar og sölu vatns vatnsveitunnar til annars fyrirtækis eða stofnunar, skal fara með eignarhald vatnsveitunnar og gæta hagsmuna sveitarfélagsins þar að lútandi.

- BSRB gerir breytingartillögu við 4. gr. lagafrumvarpsins. Röksemdir BSRB:

Í texta frumvarps ríkisstjórnarinnar virðist vera svigrúm til túlkunar sem takmarkar einkarétt sveitarfélags og leyfir öðrum fyrirtækjum uppsetningu og rekstur sjálfstæðrar vatnsveitu í samkeppni við vatnsveitu sveitarfélags innan marka þess, nái vatnsveita þess ekki yfir allt sveitarfélagið og geti vatnsveita sveitarfélagsins ekki “fullnægt innan staðarmarka sveitarfélagsins.” Af þessu leiðir að sveitarfélag sem er illa statt fjárhagslega getur freistast til að draga lagningu vatnsveitu á langinn og öðlast þá aðrir aðilar rétt til lagningar og rekstrar slíkrar vatnsveitu.

Nýtt sveitarfélag sem enn hefur ekki byggt vatnsveitu hefur heldur engan slíkan einkarétt, skv. orðanna hljóðan í greininni. Hér er því vegið að því grundvallaratriði að vatnsveitur eru almannaþjónusta og grunnþjónusta og því sé nauðsynlegt að þær séu í eigu opinberra aðila.

BSRB leggur því til að 1. málsgrein frumvarpsins verði breytt með eftirfarandi hætti og hún hljóði svo:

Sveitarfélag hefur skyldur til lagningar vatnsveitu og hefur einkarétt á rekstri hennar og sölu vatns innan sveitarfélagsins.

Þá segir í frumvarpinu 4. gr. 2. mgr.:

“Einkaréttinn getur sveitarstjórn framselt stofnun eða fyrirtæki sem að meirihluta er í eigu ríkis eða sveitarfélaga um ákveðið tímabil í senn með þeim skilyrðum og kvöðum sem ástæða þykir til.”

Ástæða þess að tekið er fram að sveitarstjórn geti framselt stofnun eða fyrirtæki sem er að meirihluta í eigu ríkis eða sveitarfélags er sú að það er grundvallaratriði að stofnþjónusta eins og vatnsveitur séu undir stjórn opinberra aðila en ekki einkaaðila sem hafa hagnaðarvon að leiðarljósi. Í því tilliti er ofangreind setning gölluð enda ekkert sem kemur í veg fyrir að einkaaðili eigi ráðandi hlut í því fyrirtæki sem sveitarfélag hefur framselt einkarétt sinn til, skv. nógildandi tillögu. Vel má ímynda sér að ríki og/eða fleiri en eitt sveitarfélag skipti á milli sín meirihluta, t.d. 51% hlutfjár en einkafyrirtæki fari með ráðandi hlut (49%) og er þó skilyrðum lagagreinarinnar fullnægt.

BSRB leggur því til eftirfarandi breytingu:

“Einkaréttinn getur sveitarstjórn framselt stofnun eða fyrirtæki sem að meirihluta er í eigu ríkis eða sveitarfélaga **og þar sem ríki eða sveitarfélög fara með ráðandi hlut**, um ákveðið tímabil í senn með þeim skilyrðum og kvöðum sem ástæða þykir til.”

BSRB telur ástæðu að seinni hluti greinar 4. skv. frumvarpi verði sjálfstæð grein, sbr. nógildandi lög.

7.gr. Sveitarfélag sem eigandi vatnsveitu sér um á lagningu og viðhald allra vatnsæða hennar, þ.e. aðalæða, dreifæða og heimæða. Heimæðar í einkaeigu sem lagðar hafa verið fyrir 1. janúar 1992 verða eign vatnsveitu í framhaldi af endurnýjun á þeim. Eignarhald og viðhaldsskylda á heimæðum skal að öðru leyti haldast óbreytt nema um annað náist samkomulag milli vatnsveitu og eiganda heimæðar.

Breytingartillaga BSRB:

Bætt er við 1. mgr. annarrar greinar 4. gr. frumvarpsins orðunum; “**Sveitarfélag sem ..**” Hér er aftur hnykkt á að sveitarfélag sé eigandi vatnsveitu. Það er í samræmi við framkomnar breytingartillögur BSRB sem og 1. gr. í núgildandi lögum sem samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnarinnar stendur óbreytt. (sjá 2. gr. hér að ofan). Ekki verður séð að ástæða sé til í frumvarpi ríkisstjórnarinnar að sleppa orðunum “**Sveitarfélag er (Eigandi vatnsveitu....)**”, nema álitid sé að aðrir aðilar en sveitarfélög geti orðið eigendur vatnsveitna í framtíðinni. Stríðir það gegn áherslum BSRB.

8. gr. (6. gr.) Eigandi eða rétthafi lóðar við veg eða opið svæði, þar sem dreifæð liggur, á rétt á að fá eina heimæð lagða frá vatnsveitulögn. Óski hann þess að fá fleiri en eina heimæð inn á lóðina af hagkvæmnisástæðum skal hann hlíta þeim reglum um tæknileg atriði sem stjórn vatnsveitu setur og skal sú heimæð teljast einkaeign hans nema sérstakt samkomulag hafi verið gert um annað. Beiðni um lagningu heimæðar skal send til stjórnar vatnsveitu. Þurfi að gera breytingar á heimæð vegna framkvæmda á vegum eiganda sjálfs skal hann sækja um leyfi til stjórnar vatnsveitu. Eigandi ber sjálfur kostnað af breytingum sem þessum.

Vatn, sem tekið er úr stofnkranan innan húss, er eingöngu heimilt að nota til venjulegra heimilisþarfa. Að öðrum kosti þarf leyfi stjórnar vatnsveitu. Vatnsinntak skal að jafnaði vera á þeirri hlið húss sem snýr að vatnslögn þeirri sem leggja á heimæð frá nema stjórn vatnsveitu samþykki annars konar fyrirkomulag. Stjórn vatnsveitu er heimilt að gera kröfu um gerð, staðsetningu og frágang inntaksrýmis. Hvers konar tenging dælubúnaðar við heimæð af hálfu eiganda, m.a. til að auka þrýsting vatns, er óheimil nema með sérstöku leyfi.

Vatnsveitu er skylt að sjá um að nægilegt vatn og vatnsþrýstingur sé fyrir hendi til slökkvistarfs og fyrir sérstakan slökkvibúnað þar sem hans er krafist, enda verði því við komið.

Réttur til að tengjast vatnsveitu skuldbindur ekki vatnsveitu til þess að tryggja að þrýstingur í dreifæðum sé ávallt nægilegur. Ef vatnsæðar hafa ekki verið lagðar þar sem eigandi óskar eftir vatnsnotkun getur stjórn vatnsveitu sett það skilyrði fyrir lagningu vatnsæða að fyrir fram ákveðinn hluti kostnaðar við lagningu þeirra skuli endurgreiddur af eiganda fasteignarinnar. Sama gildir ef nauðsynlegt er vegna stærðar og/eða nýtingar fasteignar að auka vatnsþrýsting til hennar.

Eiganda ber að greiða gjald fyrir lagningu heimæðar og skal gjaldið og gjalddagi þess ákveðið í gjaldskrá, sbr. 11. gr. Gjaldið skal miðað við gerð, stærð og lengd heimæða og má það nema allt að meðalkostnaði við lagningu heimæða í sveitarfélaginu samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Heimæðargjald getur fyrst fallið í gjalddaga við útgáfu byggingarleyfis eða úthlutun lóðar sem er í eigu sveitarfélags.

Athugasemd BSRB: Hér stendur texti frumvarps ríkisstjórnarinnar um 6.gr. óbreyttur.

9.gr. (7. gr.) [[Sveitarstjórn er heimilt að heimta vatnsgjald af öllum fasteignum er vatnsins geta notið og skal við það miðað að gjaldið ásamt öðrum tekjum standi straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu. Stofn til álagningar vatnsgjalds á allar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra.]¹⁾

Sveitarstjórn er heimilt, með tilvísun í 6. gr. þessara laga, að veita stofnun eða fyrirtæki sem framseldur hefur verið einkaréttur til rektrar vatnsveitu og sölu vatns, heimild til innheimtu vatnsgjalda miðað við forsendur 1. mgr. 9.gr.

Nú liggur matsverð fullfrágenginnar fasteignar eigi fyrir við álagningu vatnsgjalds, en fasteign getur notið vatns frá vatnsveitu, sbr. 1. mgr., og er þá **sveitarstjórn að fenginni tillögu stjórnar vatnsveitu** heimilt að ákveða upphæð vatnsgjaldsins með hliðsjón af því [hvert verður líklegt fasteignamat]¹⁾ fullfrágenginnar eignar og ber þá að taka mið af fasteignamati sambærilegra fasteigna í sveitarfélaginu.

Verði ágreiningur um gjaldstofn skv. 2. mgr. skal vísa honum til úrskurðar Fasteignamats ríkisins. Þeim úrskurði má skjóta til yfirfasteignamatsnefndar ríkisins. Úrskurðum nefndarinnar má skjóta til dómstóla.

Sveitarstjórn ákveður upphæð vatnsgjalds sem má nema allt að [0,5 hundraðshlutum af fasteignamati] **að fenginni tillögu stjórnar vatnsveitu.**¹⁾ **Sveitarstjórn** er heimilt að ákveða hámark og lágmark vatnsgjalds miðað við rúmmál húseigna **að fenginni tillögu stjórnar vatnsveitu.** **Sveitarstjórn** er enn fremur heimilt að miða vatnsgjaldið við fast gjald auk álags vegna stærðar fasteignar og/eða notkunar samkvæmt mæli **að fenginni tillögu stjórnar vatnsveitu.** Álagning skv. 2. og 3. másl. verði þó aldrei hærri en segir í 1. másl. þessarar málsgreinar. Gjald dagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu vatnsgjalds hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts, sbr. 4. gr. laga nr. 4/1995.²⁾

¹⁾L. 143/2000, 1. gr. ²⁾L. 149/1995, 3. gr.

BSRB gerir breytingartillögur við frumvarp ríkisstjórnarinnar:

BSBR leggur til að 1. mgr. verði breytt sem að ofan greinir og að texti nógildandi laga haldi sér þar með. Ástæða þess er sú að BSRB telur rétt með tilvísun í 1. gr. um vatn sem grunnmannréttindi, að leggja beri áherslu á að vatn er ekki verslunarvara og að vatnsveitur hafa samfélagslegu hlutverki að gegna. Þær skal því ekki reka upp á hagnaðarvon. Því er rétt að miða vatnsgjöld og aðrar hugsanlegar tekjur vatnsveitna við að tekjur standi straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitunnar enda er það ítrekað í 11. gr. frumvarps ríkisstjórnarinnar. Um leið er því haldið til haga að það er sveitarfélagið – en ekki óskilgreindur aðili eins og framlagt frumvarp gerir ráð fyrir – sem hefur heimild til álagningar gjalda.

Sama hugsun ræður tillögu að nýrri málsgrein: **Sveitarstjórn er heimilt, með tilvísun í 6. gr. þessara laga, að veita stofnun eða fyrirtæki sem framseldur hefur verið tímabundinn einkaréttur til rektrar vatnsveitu og sölu vatns heimild til innheimtu vatnsgjalda miðað við forsendur 1. mgr. 9.gr.**

Í frumvarpi ríkisstjórnarinnar er lagt til að orðið “sveitarstjórn” í 2. mgr. falli út. Hér er lagt til að það orð verði áfram inni og eru röksemdir fyrir því þær að það er á ábyrgð sveitarstjórnar sem lýðræðislega kjörins stjórnvalds að ákveða endanlega gjaldskrá enda er vatn ekki hver önnur verslunarvara. Hins vegar er eðlilegt, þar sem sveitarstjórn er ekki eini hugsanlegi aðilinn sem fer með stjórn vatnsveitu, (sbr. 2. gr.

núgildandi laga) að við bætist setningin ; **að fenginni tillögu stjórnar vatnsveitu.** Sömu rök gilda um sambærilegar breytingar síðar í greininni.

10.gr. (8. gr.) Af þeim fasteignum, þar sem vatn er notað til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu sem í þeim er rekin eða af öðrum ástæðum, skal sveitarstjórn auk vatnsgjalds, sbr. 7. gr., heimilt að innheimta sérstakt **notkunargjald** er miðast við notkun mælda í rúmmetrum.

Sveitarstjórn lætur þeim er greiða skulu **notkunargjald** í té löggilta vatnsmæla.

Sveitarstjórn er eigandi vatnsmælanna og ákveður upphæð gjalds fyrir leigu á þeim.

Notkunargjald skal að jafnaði greiða samkvæmt mældri notkun, en verði því eigi við komið ákveður sveitarstjórn **notkunargjaldið** samkvæmt áætlaðri notkun.

Notkunargjald skal innheimta eftir á eftir nánari ákvörðun sveitarstjórnar og skal hámark gjaldsins tilgreint í reglugerð sem félagsmálaráðherra setur.

Endurgjald hafnarsjóðs til sveitarsjóðs vegna vatnssölu til skipa, báta og annarra úr vatnsdreifikerfi hafnar skal miðast við mælda notkun og ákveður sveitarstjórn gjald fyrir hvern rúmmetra. Hafnarstjórn/sveitarstjórn ákveður verð fyrir hvern rúmmetra vatns sem seldur er til skipa og báta. Heimilt er í gjaldskrá að skipta greiðendum notkunargjalds í mismunandi gjaldflokka skv. 1. mgr. eftir magni og/eða notkun.

Í þeim tilvikum, þegar um óvenjumikil kaup á vatni er að ræða eða vatn er keypt til sérstakrar framleiðslu, er sveitarstjórn heimilt að gera sérstakt samkomulag við kaupanda um endurgjald fyrir vatnið.

Athugasemdir BSRB: Hér er gerð sú breyting á framkomnu frumvarpi ríkisstjórnarinnar að fallið er aftur að núgildandi lagatexta, með smávægilegum breytingum. Í fyrsta lagi er fallist á tillögu í frumvarpi um að “notkunargjald” komi í stað “aukavatnsgjalds” í textanum. Í öðru lagi er fellt inn í greinina sú málgrein í frumvarpi ríkisstjórnarinnar að skipta megi greiðendum í mismunandi greiðsluflokka eftir vatnsnotkun.

Hins vegar er ekki fallist á að ákvæði um “hámark notkunargjalds verði sett í reglugerð af ráðherra”, verði felld í burt og þess í stað verði miðað við “almenn sjónarmið um álagningu þjónustugjalda.” Ef “almenn sjónarmið um álagningu þjónustugjalda” miðast við “meðalkostnað af að veita þjónustuna” þá er ljóst að allar gjaldskrár eru galopnar í hærri endann, enda ekki um samkeppnismarkað að ræða.

11.gr (9. gr.) Selji **vatnsveita** annarri **vatnsveitu** vatn skal endurgjald fyrir það ákveðið með samkomulagi aðila eða mati dómkvaddra matsmanna náist eigi samkomulag. Við mat skal þess gætt að endurgjaldið verði aldrei minna en sannanlegur kostnaður vatnsveitunnar af vatnsvinnslu og dreifingu vegna vatnssölnunnar, ásamt allt að **5%** álagi af bundnu fjármagni.

Athugasemd BSRB: BSRB leggur til að ákvæði um 5% álag standi óbreytt, enda engin rök færð fyrir því í frumvarpi ríkisstjórnarinnar að hækka það upp í 7%.

12. gr. (10. gr.) Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðargjalds en notandi, ef hann er annar en fasteignareigandi, ber ábyrgð á greiðslu **notkunargjalds**.

Vatnsgjald og heimæðargjald eru, ásamt áföllnum kostnaði, tryggð með lögveðsrétti í fasteigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði. Ef hús brennur eftir að vatnsgjald eða heimæðargjald fellur í gjalddaga er sami forgangsréttur í brunabótafjárhæð fasteignarinnar.

Heimilt er að loka fyrir heimæðar hjá þeim sem vanrækja að greiða **notkunargjald** að undangenginni skriflegri aðvörun. **Notkunargjald** og leigugjald fyrir vatnsmæli, ásamt áföllnum kostnaði, má taka fjárnámi.

Heimilt er að loka fyrir heimæðar hjá þeim sem eyða vatni óhóflega og einnig þegar gera þarf við bilanir á vatnsæðum.

Athugasemdir BSRB: Orðið notkunargjald kemur í stað aukavatnsgjalds.

13. gr. (11. gr.) Sveitarstjórn skal **ákveða** gjaldskrá, **að fenginni tillögu stjórnar vatnsveitu**, þar sem kveðið er á um greiðslu og innheimtu gjalda skv. **9., 10. og 11. gr.** laga þessara, sbr. og reglugerð fyrir vatnsveitur sveitarfélaga. Miða skal við að vatnsgjald ásamt öðrum tekjum standi undir stofnkostnaði og rekstri hennar. Sveitarstjórn skal auglýsa gjaldskrána og breytingar á henni á þann hátt sem venja er að birta opinberar auglýsingar í sveitarfélaginu.

Athugasemdir BSRB: BSRB leggur til breytingartillögur til samræmis við framkomnar breytingar. Sveitarstjórn ber ábyrgð á gjaldskrá en tekur við tillögum frá stjórn vatnsveitu þar að lútandi, sé ekki um einn og sama aðila að ræða. Ítrekað er að vatnsgjald skuli standa undir stofnkostnaði og rekstri. Felld er burt ákvæði um arðgreiðslur.

14. gr. (12. gr.) Brot gegn lögum þessum og reglugerð samkvæmt þeim varða sektum sem renna skulu í sveitarsjóð nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum hegningarlögum.

Athugasemdir BSRB: Gerð er athugasemd við að þessi grein er felld á brott úr frumvarpi ríkisstjórnar án nokkurra röksemda né annarra athugasemda.

15. gr. (13. gr.) Félagsmálaráðherra skal setja reglugerð¹⁾ fyrir vatnsveitur sveitarfélaga þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd vatnsveitumála, m.a. um stjórn og fjármál **vatnsveitu**, gjalddökur, vatnsæðar o.fl.

¹⁾Rg. 421/1992, sbr. 175/1994, 614/1996 og 891/2000.

Athugasemdir BSRB: Gerð er athugasemd við að þessi grein er felld á brott úr frumvarpi ríkisstjórnar án nokkurra röksemda né annarra athugasemda.

16. gr. (14. gr.) Lög þessi skulu taka gildi

Lög um vatnsveitur sveitarfélaga

1.gr. Réttindi manna til aðgangs að drykkjarvatni er undirstaða lífs og heilsu. Nægjanlegt og öruggt drykkjarvatn er forsenda annarra mannréttinda. Rétturinn að drykkjarvatni býðir að allir eiga kröfu á öruggu, nægjanlegu, aðgengilegu vatni á viðráðanlegu verði sem nægi til daglegra þarfa einstaklings (til drykkjar, heimilishreinlætis, matargerðar og líkamlegs hreinlætis). Nægilegt drykkjarvatn á að túlka á þann veg að mannlegri reisn verði haldið en ekki með þröngum hætti með tilvísun í rúmmálseiningar og tækni, né heldur með því að meta vatn fyrst og fremst sem verzlunarvöru. Viðhalda skal rétti manna til drykkjarvatns með sjálfbærum aðferðum sem tryggir að menn haldi þessum réttindum í nútíð og framtíð. Meginhlutverk vatnsveitna sveitarfélaga og skylda er að þessi markmið náist.

2.gr. (1. gr.) Í kaupstöðum og bæjum skal bæjarstjórn starfrækja vatnsveitu í þeim tilgangi að fullnægja vatnsþörf almennings, heimila og atvinnufyrirtækja, þar á meðal hafna, eftir því sem kostur er.

Í hreppum er hreppsnefnd heimilt að starfrækja vatnsveitu, sbr. 1. mgr., og leggja í framkvæmdir við gerð hennar enda sýni rannsóknir og kostnaðaráætlanir að hagkvæmt sé að leggja veituna og reka hana.

3. gr Vatnsveita skal vera í eigu sveitarfélags og er sala hennar óheimil. Þó er sveitarstjórnnum heimilt að leggja og reka sameiginlega vatnsveitu, sbr. 5. gr.

4.gr. (2. gr.) Sveitarstjórn fer með stjórn vatnsveitu í sveitarfélagi, **nema annað hafi verið ákvæðið.** Sveitarstjórn er heimilt að kjósa sérstaka stjórn til að hafa yfirumsjón með starfsemi vatnsveitunnar og fara með þau verkefni, sem sveitarstjórn eru falin með lögum þessum, í umboði hennar. Sveitarstjórn getur ráðið sérstakan vatnsveitustjóra til að annast daglegan rekstur vatnsveitunnar.

Með orðunum stjórn vatnsveitu er í lögum þessum átt við þann aðila sem ber ábyrgð á daglegri stjórn vatnsveitunnar hvort sem er um að ræða sveitarstjórn eða sérstaka stjórn vatnsveitunnar sem skipuð er skv. 2. mgr. þessarar greinar eða 5. gr. eða hafi einkaréttur sveitarfélags verið framseldur til annars aðila sem skipar sér stjórn sbr. 6. gr.

5. gr. (3.gr.) Sveitarstjórnnum er heimilt að leggja og reka sameiginlega vatnsveitu. Sveitarstjórnir skulu gera með sér samkomulag um með hvaða hætti veitan skuli lögð og rekin. Um samvinnu sveitarstjórna á þessu sviði skulu gilda ákvæði IX. kafla sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986,¹⁾ um byggðasamlög, nema um annað sé sérstaklega samið.

¹⁾Nú l. 45/1998.

6. gr. (4.gr.) Sveitarfélag hefur skyldur til lagningar vatnsveitu og hefur einkarétt á rekstri hennar og sölu vatns innan sveitarfélagsins. Einkaréttinn getur sveitarstjórn framselt stofnun eða fyrirtæki sem að meirihluta er í eigu ríkis eða sveitarfélaga **og þar sem ríki og sveitarfélög fara með ráðandi hlut,** um ákveðið tímabil í senn með þeim skilyrðum og kvöðum sem ástæða þykir til. **Sveitarstjórn sem framselt hefur tímabundið einkarétt sinn til rekstrar og sölu vatns vatnsveitunnar til annars fyrirtækis eða stofnunar, skal fara með eignarhald vatnsveitunnar og gæta hagsmuna sveitarfélagsins þar að lútandi.**

7.gr. Sveitarfélag sem eigandi vatnsveitu sér um lagningu og viðhald allra vatnsæða hennar, þ.e. aðalæða, dreifiæða og heimæða. Heimæðar í einkaeigu sem lagðar hafa verið fyrir 1. janúar 1992 verða eign vatnsveitu í framhaldi af endurnýjun á þeim. Eignarhald og viðhaldsskylda á heimæðum skal að öðru leyti haldast óbreytt nema um annað náist samkomulag milli vatnsveitu og eiganda heimæðar.

8. gr. (6. gr.) Eigandi eða rétthafi lóðar við veg eða opið svæði, þar sem dreifiæð liggur, á rétt á að fá eina heimæð lagða frá vatnsveitulögn. Óski hann þess að fá fleiri en eina heimæð inn á lóðina af hagkvæmnisástæðum skal hann hlíta þeim reglum um tæknileg atriði sem stjórn vatnsveitu setur og skal sú heimæð teljast einkaeign hans nema sérstakt samkomulag hafi verið gert um annað. Beiðni um lagningu heimæðar skal send til stjórnar vatnsveitu. Þurfi að gera breytingar á heimæð vegna framkvæmda á vegum eiganda sjálfs skal hann sækja um leyfi til stjórnarvatnsveitu. Eigandi ber sjálfur kostnað af breytingum sem þessum.

Vatn, sem tekið er úr stofnkranan innan húss, er eingöngu heimilt að nota til venjulegra heimilisþarfa. Að öðrum kosti þarf leyfi stjórnar vatnsveitu. Vatnsinntak skal að jafnaði vera á þeirri hlið húss sem snýr að vatnslögn þeirri sem leggja á heimæð frá nema stjórn vatnsveitu samþykki annars konar fyrirkomulag. Stjórn vatnsveitu er heimilt að gera kröfu um gerð, staðsetningu og frágang inntaksrýmis. Hvers konar tenging dælubúnaðar við heimæð af hálfu eiganda, m.a. til að auka þrýsting vatns, er óheimil nema með sérstöku leyfi.

Vatnsveitu er skylt að sjá um að nægilegt vatn og vatnsþrýstingur sé fyrir hendi til slökkvistarfs og fyrir sérstakan slökkvibúnað þar sem hans er krafist enda verði því við komið.

Réttur til að tengjast vatnsveitu skuldbindur ekki vatnsveitu til þess að tryggja að þrýstingur í dreifiæðum sé ávallt nægilegur. Ef vatnsæðar hafa ekki verið lagðar þar sem eigandi óskar eftir vatnsnotkun getur stjórn vatnsveitu sett það skilyrði fyrir lagningu vatnsæða að fyrir fram ákveðinn hluti kostnaðar við lagningu þeirra skuli endurgreiddur af eiganda fasteignarinnar. Sama gildir ef nauðsynlegt er vegna stærðar og/eða nýtingar fasteignar að auka vatnsþrýsting til hennar.

Eiganda ber að greiða gjald fyrir lagningu heimæðar og skal gjaldið og gjalddagi þess ákveðið í gjaldskrá, sbr. 11. gr. Gjaldið skal miðað við gerð, stærð og lengd heimæða og má það nema allt að meðalkostnaði við lagningu heimæða í sveitarfélaginu samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Heimæðargjald getur fyrst fallið í gjalddaga við útgáfu byggingarleyfis eða úthlutun lóðar sem er í eigu sveitarfélags.

9.gr. (7. gr.) [[Sveitarstjórn er heimilt að heimta vatnsgjald af öllum fasteignum er vatnsins geta notið og **skal við það miðað að gjaldið ásamt öðrum tekjum standi**

straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu. Stofn til álagningar vatnsgjalds á allar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra.]¹⁾

Sveitarstjórn er heimilt, með tilvísun í 6. gr. þessara laga, að veita stofnun eða fyrirtæki sem framseldur hefur verið einkaréttur til rekstrarvatnsveitu og sölu vatns, heimild til innheimtu vatnsgjalda miðað við forsendur 1. mgr. 9.gr.

Nú liggur matsverð fullfrágenginnar fasteignar eigi fyrir við álagningu vatnsgjalds, en fasteign getur notið vatns frá vatnsveitu, sbr. 1. mgr., og er þá heimilt að ákveða upphæð vatnsgjaldsins með hliðsjón af því [hvert verður líklegt fasteignamat]¹⁾ fullfrágenginnar eignar og ber þá að taka mið af fasteignamati sambærilegra fasteigna í sveitarfélaginu.

Verði ágreiningur um gjaldstofn skv. 2. mgr. skal vísa honum til úrskurðar Fasteignamats ríkisins. Þeim úrskurði má skjóta til yfirfasteignamatsnefndar ríkisins. Úrskurðum nefndarinnar má skjóta til dómstóla.

Sveitarstjórn ákveður upphæð vatnsgjalds sem má nema allt að [0,5 hundraðshlutum af fasteignamati] **að fenginni tillögu stjórnarvatnsveitu.**¹⁾ **Sveitarstjórn** er heimilt að ákveða hámark og lágmark vatnsgjalds miðað við rúmmál húseigna, **að fenginni tillögu stjórnarvatnsveitu.** **Sveitarstjórn** er enn fremur heimilt að miða vatnsgjaldið við fast gjald auk álags vegna stærðar fasteignar og/eða notkunar samkvæmt mæli **að fenginni tillögu stjórnarvatnsveitu.** Álagning skv. 2. og 3. másl. verði þó aldrei hærri en segir í 1. másl. þessarar málsgreinar. Gjald dagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu vatnsgjalds hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts, sbr. 4. gr. laga nr. 4/1995.²⁾

¹⁾L. 143/2000, 1. gr. ²⁾L. 149/1995, 3. gr.

10.gr. (8. gr.) Af þeim fasteignum, þar sem vatn er notað til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu sem í þeim er rekin eða af öðrum ástæðum, skal sveitarstjórn auk vatnsgjalds, sbr. 7. gr., heimilt að innheimta sérstakt **notkunargjald** er miðast við notkun mælda í rúmmetrum.

Sveitarstjórn lætur þeim er greiða skulu **notkunargjald** í té löggilta vatnsmæla. Sveitarstjórn er eigandi vatnsmælanna og ákveður upphæð gjalds fyrir leigu á þeim. **Notkunargjald** skal að jafnaði greiða samkvæmt mældri notkun, en verði því eigi við komið ákveður sveitarstjórn **notkunargjaldið** samkvæmt áætlaðri notkun.

Notkunargjald skal innheimta eftir á eftir nánari ákvörðun sveitarstjórnar og skal hámark gjaldsins tilgreint í reglugerð sem félagsmálaráðherra setur.

Endurgjald hafnarsjóðs til sveitarsjóðs vegna vatnssölu til skipa, báta og annarra úr vatnsdreifikerfi hafnar skal miðast við mælda notkun og ákveður sveitarstjórn gjald fyrir hvern rúmmetra. Hafnarstjórn/sveitarstjórn ákveður verð fyrir hvern rúmmetra vatns sem seldur er til skipa og báta.

Heimilt er í gjaldskrá að skipta greiðendum notkunargjalds í mismunandi gjaldflokka skv. 1. mgr. eftir magni og/eða notkun. Í þeim tilvikum, þegar um óvenjumikil kaup á vatni er að ræða eða vatn er keypt til sérstakrar framleiðslu, er sveitarstjórn heimilt að gera sérstakt samkomulag við kaupanda um endurgjald fyrir vatnið.

11.gr (9. gr.) Selji **vatnsveita** annarri **vatnsveitu** vatn skal endurgjald fyrir það ákveðið með samkomulagi aðila eða mati dómkvaddra matsmanna náist eigi samkomulag. Við mat skal þess gætt að endurgjaldið verði aldrei minna en

sannanlegur kostnaður vatnsveitunnar af vatnsvinnslu og dreifingu vegna vatnssölnunar, ásamt allt að 5% álagi af bundnu fjármagni.

12. gr. (10. gr.) Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðargjalds en notandi, ef hann er annar en fasteignareigandi, ber ábyrgð á greiðslu notkunargjalds.

Vatnsgjald og heimæðargjald eru, ásamt áföllnum kostnaði, tryggð með lögveðsrétti í fasteigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Ef hús brennur eftir að vatnsgjald eða heimæðargjald fellur í gjalddaga er sami forgangsréttur í brunabótafjárhæð fasteignarinnar.

Heimilt er að loka fyrir heimæðar hjá þeim sem vanrækja að greiða notkunargjald að undangenginni skriflegri aðvörun. Notkunargjald og leigugjald fyrir vatnsmæli, ásamt áföllnum kostnaði, má taka fjárnámi.

Heimilt er að loka fyrir heimæðar hjá þeim sem eyða vatni óhóflega og einnig þegar gera þarf við bilanir á vatnsæðum.

13. gr. (11. gr.) Sveitarstjórn skal ákveða gjaldskrá, að fenginni tillögu stjórnarvatnsveitu, þar sem kveðið er á um greiðslu og innheimtu gjalda skv. 9., 10. og 11. gr. laga þessara, sbr. og reglugerð fyrir vatnsveitur sveitarfélaga. Sveitarstjórn skal auglýsa gjaldskrána og breytingar á henni á þann hátt sem venja er að birta opinberar auglýsingar í sveitarfélaginu.

14.gr. (12. gr.) Brot gegn lögum þessum og reglugerð samkvæmt þeim varða sektum sem renna skulu í sveitarsjóð nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum hegningarlögum.

15. gr. (13. gr.) Félagsmálaráðherra skal setja reglugerð¹⁾ fyrir vatnsveitur sveitarfélaga þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd vatnsveitumála, m.a. um stjórn og fjármál vatnsveitu, gjaldtökur, vatnsæðar o.fl.

¹⁾Rg. 421/1992, sbr. 175/1994, 614/1996 og 891/2000.

16. gr. (14. gr.) Lög þessi skulu taka gildi

Fylgiskjöl með tillögum BSBR vegna Frumvarps til laga um vatnsveitur sveitarfélaga.

1. **United Nations. Committee on economic, social and cultural rights.** Geneva, 11 –29 nóvember 2002. Texti sem skilgreinir vatn sem mannréttindi – ekki verslunarvöru.
2. **Ríkisstjórn Hollands tryggir opinber yfirráð yfir vatnsveitum.** Frétt af vef BSBR.
3. **Water in public hands.** Júní 2001. Skýrsla eftir David Hall, háskólanum við Greenwich, unnin fyrir Public Services International Research Unit , PSIRU. Kostir og gallar vatnsveitna í höndum opinbera geirans vs. einkageirans. Ítarleg yfirferð með raunverulegum dæmum. Stuttur útdráttur á íslensku fylgir.
4. **The Water multinationals – financial and other problems.** Ágúst 2002. Skýrsla eftir David Hall, háskólanum við Greenwich, unnin fyrir Public Services International Research Unit , PSIRU. Skýrsla um framgöngu og stöðu fjölþjóðafyrirtækja í vatnsviðskiptum. Fjallar um fjármál og aðferðafræði þeirra, samþjöppun, um vandamál sem komið hafa upp vegna slægrar þjónustu við hina fátækari og spillingarmál.
5. **Water multinationals in retreat – Suez withdraws investment.** Janúar 2003. Skýrsla eftir David Hall, háskólanum við Greenwich, unnin fyrir Public Services International Research Unit , PSIRU. Hvernig vatnsauðhringir hafa lent í fjárhagslegum vandamálum og hvernig þeir heimta opinbera styrki og aðstoð frá þróunarbankastofnunun eigi þeir að veita hinum fátæku sama aðgang að vatni og sömu þjónustu og þeim ríkari.
6. **Thirst for control.** Janúar 2002. Skýrsla unnin af einum helsta sérfræðingi Kanada um GATS-samninginn, lögfræðingnum Steven Shrybman fyrir The Council of Canadians. Fjallar um hinn alþjóðlega vatnsiðnað og hvernig kröfur þær sem GATS-samningurinn gerir geta haft úrslitaáhrif á rétt þjóðríkja til að halda vatni í almenningsseign, og hvernig hægt er að halda áfram uppi almennum kröfum um hreinleika vatns auk ýmissa annarra hliða á málinum. Rekur fjölmörg dæmi.
7. **The impact of international services and investment agreements on public policy and law concerning water.** Janúar 2002. Skýrsla unnin af einum helsta sérfræðingi Kanada um GATS-samninginn, lögfræðingnum Steven Shrybman fyrir The Council of Canadians. Stuttur útdráttur á íslensku fylgir. Rekur hver hugsanleg áhrif GATS-samningsins geta verið varðandi möguleika stjórnvalda á hverjum stað að setja eigin reglur og lög og hvernig gengið er á þetta vald. Einnig hvaða neikvæð áhrif GATS-samningurinn getur haft á möguleika stjórnvalda að setja stranga staðla varðandi hreinlæti vatns, umhverfisvernd og önnur svið sem hingað til hafa verið talin eðlileg umráðasvið innlendra stjórnvalda. Fjallar einnig um sókn alþjóðlegra vatnsfyrirtækja á mörkuðum, þar sem þau stefna að tveimur meginmarkmiðum; að ná undir sig vatnsréttindum og vatnsveitum.
8. **Blue Gold. The Global Water Crises and the Commodification of the World's Water Supply.** Vor 2001. Skýrsla unnin af Maude Barlow fyrir The Council of Canadians. Fjallar um hversu takmörkuð auðlind vatn er, að neysla vatns tvöfaldist á hverjum tuttugu árum sem er helmingi hraðar en fólksfjölgun í heiminum. Hins vegar skorti milljarð manna aðgang að vatni. Áætlað er að árið 2025 verði þörfin á ferskvatni 56% meiri en núverandi framboð. Einkavæðing vatnsveitna, sem hefur verið keyrð áfram á síðustu

- árum, skilji hins vegar hina fátæku eftir og veiti vatni aðeins til þeirra sem geta borgað. Vatn eigi eftir að verða uppspretta stríðs og átaka í framtíðinni ef ekkert er að gert. Á sama tíma gefi ríkisstjórnir frá sér í auknum mæli vald sitt með undirritun alþjóðlegra verslunarsamninga, sem allir hafa það sameiginlegt að ganga út frá markaðnum og réttindum einkafyrirtækja sem grundvallarforsendu. Í raun þjóna þessir samningar helst stórfyrirtækjum sem vilja líta á vatn sem verslunarvöru sem megi hagnast á. Þetta viðhorf standi þvert á þá skoðun að vatn sé grundvallarmannréttindi og forsenda annarra mannréttinda.
9. **Secret reports and public concerns – a reply to the USAID paper on water privatisation “skeptics”.** 07.08.2002. David Hall fyrir PSI. Svar við ásökunum í skýrslu PADCO, ráðgjafafyrirtækis sem vann fyrir vatnsfyrirtæki og aðra aðila hlynta einkavæðingu vatns. Í PADCO skýrslunni voru gagnrýnendur einkavæðingar “teknir á beinið” og reynt að sýna fram á yfirburði einkavæðingar. Í þessari skýrslu er svarað fyrir sig og bent á óvönduð vinnubrögð og misvísandi framsetningu. Áhugaverð innsýn í þau átök sem eiga sér stað um vatn í dag.
 10. **Can risk really be transferred to the private sector? A reiview of experiences with utility privatisation.** Nóvember 2002. Kate Bayliss and David Hall, háskólanum við Greenwich, unnin fyrir Public Services International Research Unit , PSIRU. Skýrslan fjallar um hvort einkafyrirtæki sem taka yfir opinbera þjónustu taki í raun þá áhættu eða ábyrgð þau eiga að létta af opinberum stjórnvöldum og sem oft er forsenda þess að ráðist er í einkavæðingu. Skýrslan rekur hvernig áhætta er færð frá einkageiranum og yfir á opinbera geirann.
 11. **Moncton residents dam P3 water plans.** Hluti af árskýrslu CUPE (stéttarfélag opinberra starfsmanna í Kanada) um einkavæðingu. Fjallar um hvernig alþjóðafyrirtækið Vivendi ætlaði að ná samningum við Moncton bæjarstjórnina um yfirtöku á vatns- og skólpveitunni og hvernig tókst að gera þær samningaviðræður opinberar. Þegar ýmsir þættir sem áður höfðu farið leynt voru dregnir fram í dagsljósið, neyddist bæjarstjórnin til að draga áætlanir sínar til baka, enda kom í ljós að viðskiptin voru bæjarfélaginu ekki jafn hagstæð og látið hafði verið liggja að.
 12. **The sorry saga of the Montana power company.** Montana River Action. Sögð í stuttu máli saga Montana Power Company en þessi frétt var nýverið tekin til umfjöllunar í fréttabættinum “Sixty minutes” og sýnd á Stöð 2 í mánuðinum. Segir frá hvernig stjórnendur orkuveitunnar lögðu ofurkapp á að fá lögum og reglugerðum breytt þannig að gjaldskrá fyrirtækisins yrði gefin frjáls og það fengi leyfi til að selja eignir sínar. Stjórn fyrirtækisins gerði sér lítið fyrir og seldi allar eignir orkuveitunnar og fékk álitlegar fjárhæðir í eigin vasa í kjölfarið. Því fylgdi hins vegar stórhækkað rafmagnsverð og að lykilfyrirtæki í fylkinu urðu að hætta starfsemi vegna þess og þúsundir manna misstu vinnu og ævisparnað. Sýnir hverjar afleiðingar “markaðsvæðingar” geta orðið. “Siðlaust en löglegt”.
 13. **Canada on Tap –The environmental implications of water exports.** Mars 2002. Skýrsla tekin saman af Jamie Linton fyrir the Council of Canadians. Sýnir fram á umhverfishættur samfara óhóflegri dælingu vatns í tengslum við stórsölu vatns til útflutnings.
 14. **Public Water Utilities and Prviatisation in Sweden. Desember 2001.**

Jan-Erik Gustafsson, erindi fyrir ráðstefnu á vegum EPSU, Evrópusamtaka verkalýðsfélaga í almannajónustu. Rekur sögu vatnsveitna í Svíþjóð og lagaumhverfi þeirra. Segir af tilraunum til einkavæðingar og hvernig áherslan er að færast aftur yfir á vatnveitur í opinberri eigu, enda séu þær reknar með samfélagsleg sjónarmið í huga, séu hagkvæmar og skili ódýru og hreinu vatni.

15. **The Water Barons.** Fréttir af vatnsmálum frá The Center for Public Integrity. Segir m.a. frá að þó að Frakkland sé heimaland stærstu alþjóðlegu vatnsfyrirtækjanna að þá vilja Frakkar sjálfir ekki sjá erlenda samkeppni í vatni heima fyrir og er haft eftir Jacques Chirac Frakklandsforseta að “Water supply is very much a public service and we should pay attention that Vivendi doesn’t fall into bad hands”.
16. **The Council of Canadians.** Nokkur stutt skjöl og yfirlýsingar. A Water Policy for Canada. The Water Watch Summit Declaration, sept. 1999, Five things you should know about water, Our water is not for sale.
17. **Keep water and water services out of the WTO.** A civil society call to governments at the WSSD. Júní 2002. Áskorunarskjal til ríkisstjórna, sem sýnir hvaða áhyggjur margir hafa af þróun vatnsmála í tengslum við ýmsa samninga WTO, Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/1007
komudagur 4.2.2003

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8 – 10,
150 Reykjavík

Undirritaður kynnti fyrir sveitarstjórn Djúpavogshrepps á fundi hennar 3. feb. 2003 frv. til laga um vatnsveitur sveitarfélaga (mál 422).

Ákvað sveitarstjórnin að gefa ekki umsögn um frv. og vísa þess í stað til umsagnar Samb. ísl. sveitarfélaga.

Ofanritað tilkynnist hér með.

Djúpavogi 4. feb. 2003;

Bj. Hafþór Guðmundsson, sveitarstjóri Djúpavogshrepps.

Alþingi
Erindi nr. Þ 128, 130,
komudagur 27.2.2003



Alþingi Íslendinga
Helga Þórisdóttir nefndaritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu
150 Reykjavík
Sími 545 8100, Bréfsími 552 4804
Netfang: postur@fel.stjr.is
Veffang: felagsmalaraduneyti.is

Reykjavík, 25. febrúar 2003

Tilvísun: FEL01110051/0012/GB/--

Eins og fram kom við umfjöllun í félagsmálanefnd Alþingis mánudaginn 24. febrúar sl. um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991, með síðari breytingum, hafði starfsmönnum félagsmálaráðuneytisins ekki gefist tækifæri til að kynna sér umsögn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja um frumvarpið. Um afstöðu ráðuneytisins til annarra umsagna og breytingartillagna vísast til yfirlits um helstu breytingartillögur, sem lögfræðingur ráðuneytisins lagði fram á fundinum, og umræðna um það skjal. Í þessu símbréfi verður því eingöngu fjallað um afstöðu ráðuneytisins til athugasemda og breytingartillagna BSRB.

Rétt er í upphafi að leiðrétta þann misskilning sem virðist gæta í umsögninni, einkum á bls. 9, þar sem gert virðist ráð fyrir því að frumvarp félagsmálaráðherra feli í sér brottfall 12. og 13. gr. gildandi laga. Þetta er að sjálfsögðu ekki rétt enda um að ræða frumvarp til breytinga á gildandi lögum og gerir frumvarpið ráð fyrir því að tilvitnuð ákvæði laganna verði áfram í gildi.

Að öðru leyti skal tekið fram að í umsögninni koma fram tillögur um verulegar breytingar á frumvarpinu og eiga flestar þeirra það sammerkt að vera í mótsögn við meginmarkmið frumvarpsins, sem eru að auka sveigjanleika í stjórn og rekstri vatnsveitna og að einfalda gjaldtökuheimildir vatnsveitna. Þetta á ekki síst við um þá tillögu BSRB að áfram skuli mælt fyrir um hámark aukavatnsgjalds (notkunargjalds) í reglugerð.

Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið var það samið í náinni samvinnu við Samorku og einnig var haft samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga. Frumvarpið er því í öllum meginatriðum í samræmi við vilja sveitarfélaganna. Hafa ákvæði frumvarpsins um einföldun gjaldtökuheimilda fallið í sérstaklega góðan jarðveg en eins og kunnugt er hefur Samband íslenskra sveitarfélaga gert nokkrar breytingartillögur við þau ákvæði frumvarpsins er varða stjórn og eignarhald vatnsveitna, og telur ráðuneytið þær tillögur vel ásættanlegar.

Loks skal tekið fram að ráðuneytið telur tillögu BSRB um nýja 1. gr. laganna góðra gjalda verða en ákvæðið virðist þó fremur eiga heima í almennum lögum um vatnsveitur heldur en í lögum um vatnsveitur sveitarfélaga.

Þórunn Þórunn
Stjórn BSRB

Alþingi
Erindi nr. P 128/1036
komudagur 18.2.2003

Grindavíkurbær



Félagsmálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Grindavík 17. febrúar 2003.

EFNI: Umsögn um frumvarp til laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 422.

Bæjarstjórn Grindavíkur tók fyrir erindi yðar um umsögn við frumvarp um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 422 mál, á fundi sínum miðvikudaginn 12. febrúar s.l.

Bæjarstjórn gerir ekki athugasemdir við frumvarpið

Tilkynnist yður hér með.

Kveðja.



Alþingi
Erindi nr. P 128/1078
komudagur 19.2.2003

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8 – 10,
150 Reykjavík

18. febrúar 2003

Varðar: Umsagnir Hitaveitu Suðurnesja hf umframlögð lagafrumvörp.

Meðfylgjandi eru umsagnir Hitaveitu Suðurnesja hf um eftirtalin lagafrumvörp:

- Frumvarp til raforkulaga.*
- Frumvarp um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði.*
- Frumvarp til laga um Orkustofnun.*
- Frumvarp til laga um Íslenskar orkurannsóknir.*
- ✕ • Frumvarp til laga um vatnsveitur sveitarfélaga.*

Virðingarfyllst,

F.h. Hitaveitu Suðurnesja hf

Júlíus Jónsson
forstjóri

Efni: Umsögn Hitaveitu Suðurnesja hf um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991, með síðari breytingum.

Lögð er til eftirfarandi breyting á 2.gr. frumvarpsins:

Síðasti málsliður 2. mgr. 2.gr verði svohljóðandi:

Eignarhald og viðhaldsskylda á heimæðum skal að öðru leyti haldast óbreytt. Skylt er vatnsveitu að yfirtaka heimæðar að skriflegri beiðni eiganda.

Skýring:

Nú eru 12 ár síðan lög voru sett um vatnsveitur sveitarfélaga sem m.a. gerðu ráð fyrir að vatnsveitur sæju um og ættu heimæðar fasteigna í framhaldi af endurnýjun þeirra. Ekki er lengur þörf á að vernda vatnsveitur fyrir skyldu til að endurnýja og viðhalda illa frágengnum heimæðum og því eðlilegt að húseigendur geti losnað undan þeirri kvöð að eiga heimæðarnar og bera ábyrgð á þeim og skaða af þeirra völdum.

Lögð er til eftirfarandi breyting á 3.gr. frumvarpsins:

Við greinina bætist:

Stofnunum eða fyrirtækjum sem reka vatnsveitu á grundvelli 1. mgr. 4.gr. skulu skila eðlilegum arði miðað við það fjármagn sem á hverjum tíma er bundið í fyrirtækinu.

Skýring:

Á undanförunum árum hefur rekstrarformi orkufyrirtækja sveitarfélaga verið breytt og mörg þeirra reka vatnsveitur í umboði sveitarstjórnanna. Fyrirtæki þessi starfa nú á sviði einkaréttar og má sem dæmi nefna Orkuveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Suðurnesja hf. og Norðurorku hf. Öll þessi fyrirtæki hafa vatnsveiturekstur sem hluta af sinni starfsemi.

Lögð er til eftirfarandi breyting á 4. og 5. ml. 1.mgr. 4.gr. frumvarpsins:

Lagt er til að í stað orðanna "til stjórnar vatnsveitu" komi "til vatnsveitu".

Lögð er til eftirfarandi breyting á 4.gr. frumvarpsins:

Í fjórðu grein frumvarpsins er kveðið á um að heimilt sé að innheimta gjald fyrir lagningu heimæða sem nemur allt að meðalkostnaði við lagningu heimæða í sveitarfélaginu.

Hitaveita Suðurnesja hf vill gera þá breytingu á þessari grein, að fari lengd heimæðar yfir 10 m. sé vatnsveitu heimilt að innheimta lengdargjald samkvæmt gjaldskrá.

Lögð er til eftirfarandi breyting á síðusta málslið 2.mgr. 5.gr. frumvarpsins:

Heimilt er að innheimta vatnsgjald með fasteignasköttum og skulu þá gjalddagar vatnsgjalds vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu vatnsgjalds hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts, sbr. 4. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995.

Skýring:

Þar sem rekstrarformi margra orkufyrirtækja sem hafa vatnsveiturekstur sem hluta af sinni starfsemi hefur verið breytt og þau starfa nú á sviði einkaréttar þykir rétt að þau ráði sjálf hvernig innheimtu

vatnsgjalds skuli háttað. Rétt er þó að hafa heimild til að innheimta vatnsgjaldið með fasteignasköttum eins og verið hefur.

Lögð er til eftirfarandi breyting á síðasta málslíð 4.mgr. 6.gr. frumvarpsins:

Lagt er til að í stað orðanna "stjórn vatnsveitu" komi "vatnsveitu".

Athugasemd varðandi 1. og 2. gr.

Í fyrstu og annari grein laganna er kveðið á um að sveitastjórnnum sé heimilt að framselja rétt sinn til að reka vatnsveitur til annarra stofnanna eða fyrirtækja í meirihlutaeigu ríkis og sveitarfélaga. Hitaveita Suðurnesja hf vill benda á að frumvarpið tekur ekki nægilega á rekstri vatnsveitna í eigu annara félaga, stofnanna i meirihluta eigu ríkis eða sveitarfélaga. Æskilegt væri að skilgreindur væri betur rekstur vatnsveitna almennt, óháð rekstrarformi, en skilgreining sé ekki einskorðuð við rekstur vatnsveitna sveitarfélaga.

Júlíus J. Jónsson,
forstjóri

HRÍSEYJARHREPPUR

Alþingi

Erindi nr. P 128/1008

komudagur 17.2.2003



Hrísey 13.02.2003

Nefndarsvið Alþingis,

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Varðar: Umsögn um frumvarp til laga.

Á fundi hreppsnefndar Hríseyjarhrepps sem haldinn var 11. febr. sl., var tekið fyrir erindi frá félagsmálanefnd Alþingis dags. 31. jan. sl varðandi umsögn um frumvarp til laga um vatnsveitur sveitarfélaga, 422. mál.

Afgreiðsla sveitarstjórnar Hríseyjarhrepps var eftirfarandi:

Sveitarstjórn gerir engar athugasemdir við frumvarpið.

Þetta tilkynnist þér hér með.

Virðingarfyllst,
f.h Hríseyjarhrepps,



Ragnar Jörundsson
Ragnar Jörundsson sveitarstjóri.

Alþingi
Erindi nr. P 128/1561
komudagur 7. 3. 2003

Félagsmálanefnd Alþingis.

Umsögn Húsavíkurbæjar um frumvarp til breytinga á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga
- mál nr. 422.

Bæjarráð Húsavíkurbæjar samþykkti eftirfarandi umsögn á fundi sínum 6.mars
s.l. :

" Bæjarráð leggst ekki gegn samþykkt frumvarpsins,en vísar þó til umsagnar
Sambands íslenskra sveitarfélaga ".

Kveðja,
Guðmundur Níelsson,bæjarritari,

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/1039
komudagur 18.2.2003

Kolbeinsstaðahreppur (3701)
Ásbrún Kolbeinsstaðahrepp
311 Borgarnes
Sími/fax: 4356760
Netfang: olisf@mi.is

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

13/02/2003

Efni: Svar við beiðni Félagsmálanefndar Alþingis um ~~um~~sögn sveitarstjórnar við frumvarp til laga um vatnsveitur sveitarfélaga, 422. mál, rekstrarform, arðgreiðslur ofl.

Hreppsnefnd Kolbeinsstaðahrepps gerir engar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingafyllst

Ólafur Sigvaldason
Ólafur Sigvaldason oddviti.



KÓPAVOGSBÆR
Bæjarritari

Alþingi
Erindi nr. P 128/1079
komudagur 19.2.2003

Kópavogi, 14. febrúar 2003

Félagsmálanefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Kirkjustræti
101 Reykjavík

Á fundi Bæjarráðs Kópavogsbæjar 13. febrúar sl. var lögð fram meðfylgjandi umsögn bæjarritara um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991, með síðari breytingum um rekstrarform, arðgreiðslur o.fl.

Umsögnin var samþykkt og vísað til félagsmálanefndar Alþingis til kynningar.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt

Ólafur Briem
bæjarritari



KÓPAVOGSBÆR
Bæjarritari
Bæjarráð Kópavogs.

SKJALASAFN

14 FEB. 2003

KÓPAVOGSBÆR
Bæjarskjalavörður

13. febrúar 2003.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr 81/1991, með síðari breytingum um rekstrarform, arðgreiðslur og fl.

Á fundir bæjarráðs 6/2 sl. var var ofngreindu frumvarpi, sem barst frá Félagsmálanefnd Alþingis vísað til bæjarritara til umsagnar. Frumvarpið var flutt á síðasta þingi en var ekki afgreitt og er því endurflutt nú og nokkuð breytt vegna athugasemda sem um það bárust þá. Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu miða einkum að því að auka sveigjanleika í stjórn og rekstri vatnsveitna. Jafnframt er stefnt að því að einfalda gjaldtökuheimildir vatnsveitna. Loks miða breytingarnar að því að hindra eftir megni soun neysluvatns.

Í frumvarpinu er kveðið á um að sveitarstjórnnum sé heimilt að ákveða rekstrarform vatnsveitu og leitast er við að tryggja samræmi við 3. gr. laganna um vatnsveitur í eigu tveggja eða fleiri sveitarfélaga. Mælt er fyrir um heimild sveitarstjórna til að framselja tímabundið einkarétt sveitarfélags á rekstri vatnsveitu og sölu vatns til stofnunar sem að meiri hluta er í eigu ríkis eða sveitarfélaga. Kveðið er á um heimild eiganda vatnsveitu til að áskilja sér árlega allt að 7% arð af eigin fé veitunnar, samsvarandi og finna má í orkulögum nr. 58/1967 um hitaveitur og rafveitur. Hámarksarðsemiskrafa við sölu á vatni frá einni vatnsveitu til annarrar hækkar úr 5% í 7%. Þá er mælt fyrir um skyldur vatnsveitu gagnvart slökkvistarfi með tilliti til framboðs af vatni og vatnsþrýstingi og heimild til kostnaðarþátttöku notanda í sérstöku tilfellum. Lagt er til að orðið "notkunargjald" komi í stað "aukavatnsgjalds" í gildandi lögum og að heimilt sé að innheimta notkunargjald óháð því hvort notandi greiði jafnframt vatnsgjald. Gert er ráð fyrir því að notkunargjald þetta, ef notað, sé greitt af allri atvinnustarfsemi sem vatns getur notið og að öll notkun vatns til annars en venjulegra heimilisþarfa skuli jafnframt háð notkunargjaldi. Greiðendum notkunargjalds er heimilt að skipta í gjaldflokka og viðmiðun við reglugerð sem ráðherra setur er afnumin. Hámark gjaldskrár miðast þess í stað við almenn sjónarmið um innheimtu þjónustugjalda. Í frumvarpinu er miðað við að daglegur rekstur vatnsveitu sé á ábyrgð stjórnar vatnsveitu í umboði sveitarstjórnar eða þar sem ekki fyrirfinnst stjórn fer sveitarstjórn með ákvörðunarvaldið. Í stað þess að sveitarstjórn setji gjaldskrá vatnsveitu skal gjaldskrá samin af stjórn vatnsveitu sem sendir eigendum hennar gjaldskrána til staðfestingar. Í þessu sambandi skal tekið fram að almenn sjónarmið um álagningu þjónustugjalda þýðir að ekki skuli ákveða í gjaldskrá herra gjald en nemur meðalkostnaði af að veita þjónustuna.

3. gr. laganna kveður á um arðsemiskröfu vatnsveitu sveitarfélaga að hámarki 7%. Umhugsunarvert er hvort þetta hámark gildi fyrir öll félagsform. Ef ekki þá er hætt við því að vatnsveitur geti öðlast óæskilegt svigrúm til skattlagningar. Ennfremur þarf í öllum tilfellum að tryggja úrskurðarvald sveitarstjórna í gjaldskrármálum vatnsveitu. Að öðru leyti verðu ekki annað séð en að frumvarpið skýri fyrst og fremst gildandi lög, auki sveigjanleika í stjórn og rekstri vatnsveitna og einfaldi gjaldtökuheimildir.

Ólafur Briem
Ólafur Briem

Fannborg 2
200 Kópavogur
sími 570 1500
bréfsími 570 1501
<http://www.kopavogur.is>

Alþingi
Erindi nr. P 128/1038
komudagur 18.2.2003



Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Í Ólafsfirði 13. febrúar 2003.


Umsögn bæjarráðs Ólafsfjarðarbæjar vegna frumvarps til laga um breytingar á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991, með síðari breytingum. Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002-2003. Mál 422.

Á fundi bæjarráðs Ólafsfjarðarbæjar þann 13. febrúar var frumvarp til laga um vatnsveitur sveitarfélaga kynnt og rætt. Umsögn bæjarráðs er svo hljóðandi:

“Bæjarráð Ólafsfjarðar telur nauðsynlegt að breyta gildandi lögum um vatnsveitur með það að markmiði að sveitarstjórnir geti aðlagð stjórn þeirra og rekstur í samræmi við breyttar aðstæður. Í því sambandi er sérstaklega horft til breytinga á rekstrarformum og rekstrarumhverfi annarra stofnana í eigu sveitarfélaga. Að mati bæjarráðs er það jákvætt að binda heimild framsals einkaréttar sveitarfélaga á vatnsveitum til stofnana eða fyrirtækja sem að meiri hluta eru í eigu sveitarfélags eða ríkisins, að hægt sé að binda slíkt framsal ákveðnum skilyrðum og til tilgreinds tíma (sbr. 2. gr.).

Bæjarráð Ólafsfjarðar gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins og sér ekkert því til fyrirstöðu að samþykkja það eins og það er með þeim fyrirvara að ákvæðum 2. gr. verði ekki breytt.”

F.h. bæjarráðs Ólafsfjarðar


Stefanía Traustadóttir
bæjarstjóri



Borgarstjórnin í Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 128/1220
komudagur 21.2.2003

Reykjavík, 19. febrúar 2003

R00110095

175

GE/jb

~~Iðnaðarnefnd~~ Iðnaðarnefnd Alþingis

Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991, með síðari breytingum

Á fundi borgarráðs 18. þ.m. var lögð fram umsögn borgarlögmans og forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur sf. frá 14. þ.m. um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991, með síðari breytingum.

Umsögnin, sem fylgir í ljósriti, er hér með send iðnaðarnefnd Alþingis til kynningar.

Þórólfur Árnason

Afrit:
Borgarlögmaður
Fostjóri Orkuveitu Reykjavíkur sf.



Borgarráð

Umsögn Reykjavíkurborgar og Orkuveitu Reykjavíkur um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991, með síðari breytingum.

Félagsmálanefnd Alþingis hefur óskað umsagnar Reykjavíkurborgar og Orkuveitu Reykjavíkur um frumvarp til laga um vatnsveitur sveitarfélaga, rekstrarform, arðgreiðslur o.fl.

Lögð er til eftirfarandi breyting á 2.gr. frumvarpsins:

Síðasti málsliður 2. mgr. 2.gr verði svohljóðandi:

Eignarhald og viðhaldsskylda á heimæðum skal að öðru leyti haldast óbreytt. Skylt er vatnsveitu að yfirtaka heimæðar að skriflegri beiðni eiganda.

Skýring:

Nú eru 12 ár síðan lög voru sett um vatnsveitur sveitarfélaga sem m.a. gerðu ráð fyrir að vatnsveitur sæju um og ættu heimæðar fasteigna í framhaldi af endurnýjun þeirra. Ekki er lengur þörf á að vernda vatnsveitur fyrir skyldu til að endurnýja og viðhalda illa frágengnum heimæðum og því eðlilegt að húseigendur geti losnað undan þeirri kvöð að eiga heimæðarnar og bera ábyrgð á þeim og skaða af þeirra völdum.

Lögð er til eftirfarandi breyting á 3.gr. frumvarpsins:

Við greinina bætist:

Stofnunum eða fyrirtækjum sem reka vatnsveitu á grundvelli 1. mgr. 4.gr. skulu skila eðlilegum arði miðað við það fjármagn sem á hverjum tíma er bundið í fyrirtækinu.

Skýring:

Á undanförunum árum hefur rekstrarformi orkufyrirtækja sveitarfélaga verið breytt og mörg þeirra reka vatnsveitur í umboði sveitarstjórna. Fyrirtæki þessi starfa nú á sviði einkaréttar og má sem dæmi nefna Orkuveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Suðurnesja hf. og Norðurorku hf. Öll þessi fyrirtæki hafa vatnsveiturekstur sem hluta af sinni starfsemi.

Lögð er til eftirfarandi breyting á 4. og 5. ml. 1.mgr. 4.gr. frumvarpsins:

Lagt er til að í stað orðanna "til stjórnar vatnsveitu" komi "til vatnsveitu".

Lögð er til eftirfarandi breyting á síðasta málslið 2.mgr. 5.gr. frumvarpsins:


Heimilt er að innheimta vatnsgjald með fasteignasköttum og skulu þá gjalddagar vatnsgjalds vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu vatnsgjalds hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts, sbr. 4. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995.

Skýring:

Þar sem rekstrarformi margra orkufyrirtækja sem hafa vatnsveiturekstur sem hluta af sinni starfsemi hefur verið breytt og þau starfa nú á sviði einkaréttar þykir rétt að þau ráði sjálf hvernig innheimtu vatnsgjalds skuli háttað. Rétt er þó að hafa heimild til að innheimta vatnsgjaldið með fasteignasköttum eins og verið hefur.

Lögð er til eftirfarandi breyting á síðasta málslið 4.mgr. 6.gr. frumvarpsins:


Lagt er til að í stað orðanna "stjórn vatnsveitu" komi "vatnsveitu".



Hjörleifur B. Kvaran, hrl.,
borgarlögmaður



Guðmundur Þóroddsson,
forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur



Alþingi
Erindi nr. P 128/1255
komudagur 24.2.2003

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Félagsmálanefnd Alþingis
b.t. Helgu E. Þórisdóttur
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 24. febrúar 2003

Sam 045/2003 PS/sp
Tilv.: 215,0

Efni: Frumvarp til laga um vatnsveitur sveitarfélaga

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 21. febrúar, var lagt fram bréf félagsmálanefndar Alþingis, dags. 31. janúar 2003, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um vatnsveitur sveitarfélaga, 422. mál.

Stjórnin samþykkti meðfylgjandi umsögn.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri

Hjálagt: Umsögn um frumvarp til laga um vatnsveitur sveitarfélaga



Umsögn

Sambands íslenskra sveitarfélaga

Umsögn um frumvarp til laga um vatnsveitur sveitarfélaga, 422. mál.

Meginmarkmið með þessum lagabreytingum er að veita sveitarfélögum meira svigrúm varðandi rekstrarform vatnsveitna og að tryggja heimild til að taka arð í samræmi við það sem fram kemur í 4. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga. Stjórn sambandsins mælir með samþykkt frumvarpsins að teknu tilliti til eftirfarandi athugasemda:

Ekki er kveðið nægilega skýrt á um það í frumvarpinu í hvaða tilvikum sveitarfélög eiga einkarétt á að leggja og starfrækja vatnsveitu. Til að bæta úr þessum ágalla er lagt til að við frumvarpið bætist svohljóðandi ákvæði, sem verði 1. gr. frumvarpsins:

„1. gr. laganna verði svohljóðandi:

Í þéttbýli skulu sveitarfélög starfrækja vatnsveitu í þeim tilgangi að fullnægja vatnshörf almennings, heimila og atvinnufyrirtækja, þar á meðal hafna, eftir því sem kostur er, nema í þeim tilvikum sem um ræðir í 3. mgr.

Í dreifbýli er sveitarstjórn heimilt að starfrækja vatnsveitu, sbr. 1. mgr., og leggja í framkvæmdir við gerð hennar enda sýni rannsóknir og kostnaðaráætlanir að hagkvæmt sé að leggja veituna og reka hana.

Ákvæði þessara laga gilda ekki um vatnsveitur sem vatnsveitufélög eða aðrir starfrækja skv. ákvæðum vatnalaga, nr. 15/1923.

Ákvæði 4. gr. um einkarétt sveitarfélaga til að eiga og reka vatnsveitu gilda ekki um landsvæði þar sem ekki er talið hagkvæmt að leggja vatnsveitu, sbr. 2. mgr.”

1. gr.

Í b-lið 1. gr. frumvarpsins er ekki tekið tillit til þess að aðrir en sveitarstjórn geti átt eða starfrækt vatnsveitu. Til að bæta úr þessum ágalla er lagt til að ákvæðið verði svohljóðandi:

„Með orðunum stjórn vatnsveitu er í lögum þessum átt við þann aðila sem ber ábyrgð á daglegri stjórn vatnsveitunnar hvort sem um er að ræða sveitarstjórn, sérstaka stjórn vatnsveitu sem skipuð er skv. 2. mgr., eða annan þann aðila sem fer með málefni vatnsveitu skv. 3. eða 4. gr. laganna.”

2. gr.

Fyrsta málsgrein 2. gr. frumvarpsins kveður á um einkarétt sveitarfélaga á rekstri vatnsveitu og heimild þeirra til að framselja þann rétt. Fram kemur að framsal sé heimilt um ákveðið tímabil í senn með þeim skilyrðum og kvöðum sem ástæða



þykir til. Stjórnin telur rétt að skylda sveitarfélögin til að setja inn skilyrði og kvaðir varðandi eignarrétt á stofnkerfi vatnsveitu, verð til notenda veitunnar og innlausnarrétt. Hér er um mikilsverða hagsmuni að ræða og líklegt að framsal einkaréttarins verði til langs tíma. Tryggja verður hagsmuni sveitarfélaga og íbúa gagnvart því að stofnkerfið geti ávallt nýst íbúunum og sveitarfélaginu þar með. Jafnframt verður að tryggja möguleika komandi sveitarstjórna til að geta innkallað einkaréttinn t.d. ef rekstur og viðhald vatnsveitunnar er óviðunandi. Þá verður að tryggja hagsmuni íbúa sveitarfélagsins gagnvart gjaldtöku þar sem hér er um þjónustugjald að ræða og lögskilyrt verkefni sveitarfélaga sem ætlað er að sinna frumforsendu fyrir því að hægt sé að lifa í sveitarfélaginu. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að íbúar eiga ekki annarra úrkosta vöð en að þiggja vatn frá viðkomandi vatnsveitu.

Því er lagt til að 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins hljóði svo: „*Sveitarfélag hefur einkarétt á rekstri vatnsveitu og sölu vatns sem hún getur fullnægt innan staðarmarka sveitarfélagsins, sbr. þó ákvæði 2.-4. mgr. 1. gr. Einkaréttinn getur sveitarstjórn framselt stofnun eða fyrirtæki sem að meiri hluta er í eigu ríkis eða sveitarfélaga um ákveðið tímabil í senn. Við slíkt framsal er sveitarfélaginu skylt að setja skilyrði varðandi eignarrétt á stofnkerfi vatnsveitu, verð til notenda veitunnar og innlausnarrétt sveitarfélags á einkaréttinum og eignum á tímabilinu auk annarra atriða sem sveitarstjórn telur nauðsynleg.*”

3. gr.

Ekki verða séð nein rök fyrir því að vatnsveitum sem ekki eru að öllu leyti í eigu sveitarfélaga verði heimilt að áskilja sér hærra arð en vatnsveitur sem að öllu leyti eru í eigu sveitarfélaga. Slíkt leiðir til óeðlilegs misræmis gagnvart íbúum landsins. Þá verður að hafa í huga að hér er um að ræða þjónustugjald vegna skylduverkefnis sveitarfélaga en slíkt gjöld mega ekki vera hærra en sá kostnaður sem almennt hlýst af því að veita þjónustuna. Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins er þó heimilt að hafa gjaldið hærra sem nemur 7% af eigin fé og telst það ekki í andstöðu við stjórnarskrá og reglur um þjónustugjöld þar sem sérstök lagaheimild er fyrir því. Ef öðrum veitum en þeim sem alfarið eru í eigu sveitarfélaga er heimilt að taka meiri arð og þar með innheimta þjónustugjöld sem geta verið langt umfram kostnað væri að öllum líkindum um brot á stjórnarskránni að ræða auk þess sem slíkt samrýmist ekki reglum um töku þjónustugjalda.

Því er lagt til að 2. mál. 3. gr. falli út.

9. gr.

Vandséð er hvernig lokamálsliður ákvæðisins um að gjaldskrá þurfi staðfestingu eigenda eigi að vera í framkvæmd. Ekkert er getið um það hvort vatnsveita þurfi samþykki allra eigenda eða hvort samþykki meirihluta sé nóg eða jafnvel hvort einungis þurfi samþykki þeirra eigenda sem gjaldskráin snertir. Þar að auki er mjög óeðlilegt t.d. í hlutafélögum að samþykki eigenda þurfi fyrir tilteknum atriðum.




Venjan er sú að hluthafar hafa eingöngu vald á hluthafafundum og þá ræður tiltekinn meirihluti hluthafa. Þá er ljóst að þegar búið er að taka tillit til framangreindrar athugasemdar varðandi 3. gr. frumvarpsins að ekki er þörf á staðfestingu eigenda. Hagsmunir notenda vatnsveitu eiga að vera tryggðir með almennu hámarki vatnsgjalds, sbr. 5. gr. frumvarpsins, auk þess sem ekki er heimilt að taka hærra gjald en sem nemur kostnaði við stofnun og rekstur vatnsveitunnar, sbr. 9. gr. frumvarpsins. Þá er gert ráð fyrir því ef tekið verður tillit til athugasemda varðandi 2. gr. frumvarpsins að sveitarfélög setji skilyrði m.a. um verð til notenda veitunnar. Staðfesting eigenda er því óþörf og illfrakvæmanleg.

Því er lagt til að lokamálsliður greinarinnar hljóði svo: „*Stjórn vatnsveitu skal auglýsa gjaldskrána og breytingar á henni á þann hátt sem venja er að birta opinberar auglýsingar í sveitarfélaginu.*“

Þannig afgreitt á fundi stjórnar sambandsins 21. febrúar 2003.

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 128/108,
komudagur 19.2.2003



SAMBAND SVEITARFÉLAGA
Á SUÐURNESJUM
FITJUM - 260 NJARÐVÍK
SÍMI 421-3788 - PÓSTHÓLF 56 - KT. 640479-0279
FAX: 421-3766

Suðurnesjum 17. febrúar 2003.

Nefndasvið Alþingis
Félagsmálanefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK.

Varðar umsögn um frumvarp til laga um vatnsveitur sveitarfélaga, 422. mál.


Á stjórnarfundum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum þann 13. febrúar s.l. var tekið fyrir erindi yðar dags. 31. janúar 2003 þar sem óskað var umsagnar um frumvarp til laga um vatnsveitur sveitarfélaga, 422. mál, rekstrarform, arðgreiðslur o.fl.

Eftirfarandi var fært til bókar.

“Stjórnin gerir ekki athugasemd við frumvarpið”.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,


Guðjón Guðmundsson framkv.stj.



SAMORKA

Samtök raforku-, hita- og vatnsveitna

Alþingi
Erindi nr. P 128/1080
komudagur 19.2.2003

Nefndasvið Alþingis
Félagsmálanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík 17. febrúar 2003

Varðar: Frumvarp til laga um breytingar á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, 422. mál.

Samorka hefur fengið til umsagnar Frumvarp til laga um breytingar á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, 422. mál.

Samorka gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið en vísar til umsagna vatnsveitna.

Samorka vill vekja athygli á að ekki eru allar vatnsveitur í eigu sveitarfélaga og heppilegt væri að hafa ein lög sem næðu sameiginlega yfir alla starfsemi vatnsveitna.

Með kveðju

F.h. Samorku

Eiríkur Bogason, framkvæmdastjóri



Nefndarsvið Alþingis
B.t. Helgu E. Þórisdóttur
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

SA/ÓM

Rvk. 14.02.2003.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, 422. mál.

Samtök atvinnulífsins hafa móttengið bréf yðar dagsett 31. janúar s.l. þar sem þér óskið umsagnar Samtakanna um meðsent frumvarp til laga um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga 422. mál.

Eftir yfirlestur frumvarpsins gera Samtökin eftirfarandi athugasemdir:

Samtök atvinnulífsins draga stórlega í efa lögmæti þess að heimila sveitarfélögum almenna tekjuöflun við ákvörðun vatnsgjalds, til að tryggja 7% arð af eigin fé vatnsveitunnar, sbr. 3. gr. frumvarpsins.

Ein af breytingum sem frumvarpið felur í sér er að gjaldtaka vatnsveitna skuli miðast við almenn sjónarmið um þjónustugjöld sbr. 9. gr. frumvarpsins. Skilgreining þjónustugjalda kemur vel fram í meðferð umboðsmanns Alþingis á máli nr. 792/1993, en þar segir:

“Í 40. gr. stjórnarskrárinnar segir, að engan skatt megi ”... á leggja né breyta né af taka nema með lögum” Í 77. gr. stjórnarskrárinnar segir síðan: Skattamálum skal skipað með lögum.” Verður í lögum meðal annars að vera kveðið á um skattskyldu og skattstofn og þar verða að vera reglur um ákvörðun skatts. Þá ber einnig að hafa í huga það grundvallarsjónarmið varðandi skatta, að þeir eru lagðir á og innheimtir óháð þeirri þjónustu, sem ríkið veitir skattgreiðanda, ólíkt því þegar innheimt eru gjöld til að standa straum af kostnaði vegna einherrar tiltekinnar þjónustu, sem hið opinbera lætur í té. Um slíka gjaldtöku, svonefnd “þjónustugjöld”, gildir sú meginregla, að hún verður að byggja á lagaheimild og gæta ber þess að við ákvörðun gjaldanna, að þau séu ekki hærri en nemur þeim kostnaði, sem almennt stafar af því að veita þá þjónustu, sem í hlut á. Að öðrum kosti væri um að ræða almenna tekjuöflun ríkisins, sem byggja yrði á fullnægjandi skattlagningarheimild, sbr. 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar”

Í 9.gr. frumvarpsins er kveðið á um að vatnsgjald ásamt öðrum tekjum vatnsveitu standi undir stofnkostnaði og rekstri hennar, að teknu tilliti til arðgreiðslna skv. 5. gr.

Í athugasemdum undir 9.gr. er tekið fram að ákvæði 9.gr. byggji á almennum sjónarmiðum um álagningu þjónustugjalda, þ.e. að ekki skuli ákveða í gjaldskrá hærra gjald en sem meðalkostnaði af að veita þjónustuna. Þetta er ítrekað í athugasemdum við einstakar greinar undir 9.gr.



Að framansögðu er ljóst að vatnsgjald er í skilningi frumvarpsins þjónustugjald og byggir á almennum sjónarmiðum um álagningu þjónustugjalda. Það er álit umboðsmanns Alþingis að um þjónustugjöld gildi sú meginregla, að það byggi á lagaheimild og að þess sé gætt við ákvörðun gjaldsins, að það sé ekki hærra en nemur þeim kostnaði, sem almennt stafar af því að veita þá þjónust, sem í hlut á. Það samræmist því ekki almennum sjónarmiðum um álagningu þjónustugjalda, að sveitarfélögin afli sér almennra tekna til að standa undir 7% arðgreiðslu af eigin fé vatnsveitunnar við ákvörðun vatnsgjalds.

Virðingarfyllst
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Óskar Maríusson

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/1037
komudagur 18. 2. 2003



Skagafjarðarveitur ehf

Borgarteig 15 - 550 Sauðárkróki - Sími 453-5257 - Fax 453-6267 - Kt: 691097-2509

Sauðárkróki 14. febrúar 2003

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Málefni:
Frumvarp til laga um vatnsveitur sveitarfélaga, 422. mál.

Erindi Félagsmálanefndar Alþingis dagsett 31. janúar hefur verið móttækið og er hér svarað samkvæmt bókun stjórnar Skagafjarðarveitna ehf frá 14. febrúar 2003.

Stjórn Skagafjarðarveitna ehf gerir athugasemdir við 3.gr frumvarpsins sem fjallar um arðgreiðslur af eigin fé vatnsveitna. Skilningur stjórnarinnar er sá að engar hömlur séu lagðar á arðgreiðslur vatnsveitna ef þær eru sjálfstæður skattaðili og stangast það á við athugasemdir með frumvarpinu. Að öðru leiti lýsir stjórnin ánægju með frumvarpið.

Virðingarfyllst

Páll Pálsson veitustjóri.



SÚÐAVÍKURHREPPUR

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/1369
komudagur 28.2.2003

Félagsmálanefnd
Helga E. Þórisdóttir
Alþingi
150 Reykjavík

Súðavík, 20. febrúar 2003.

Efni: Varðandi bréf dags. 31.01.03 vegna umsagnar um frumvarp til laga um vatnsveitur sveitarfélaga, 422. mál, rekstrarform, arðgreiðslur o.fl.

Á 13. fundi hreppsnefndar Súðavíkurhrepps þann 14. febrúar s.l. var fjallað um frumvarp til laga um vatnsveitur sveitarfélaga, 422 mál.

Á fundinum samþykkti hreppsnefnd að gera engar athugasemdir við frumvarpið.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt
SVEITARSTJÓRI
SÚÐAVÍKURHREPPS

Ómar Már Jónsson,
sveitarstjóri.

Alþingi
Erindi nr. P 128/1035
komudagur 18.2.2003

Félagsmálanefnd Alþingis
Helga E. Þórisdóttir nefndarritari

Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um vatnsveitur sveitarfélaga mál nr. 422.

Frumvarpið var tekið fyrir á fundi bæjarráðs Hornafjarðar 13. febrúar s.l.
og engar athugasemdir komu fram.

Virðingarfyllst,

Bæjarskrifstofur Hornafjarðar
Hafnarbraut 27
780 Hornafirði

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/999
komudagur 14.2.2003

Alþingi
Helga E. Þórisdóttir
150 Reykjavík.

Vogum, 13. feb. 2003.

Á fundi hreppsnefndar þann 11. feb. s.l. var tekið fyrir bréf yðar varðandi frumvarp til laga um vatnsveitur dags. 31/1 2003.

Um erindið var eftirfarandi bókun gerð.

“Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.”

Ofangreint tilkynnist hér með.

Virðingafyllst
f..h. Vatnsleysustrandarhepps

Svava Sigm.
Svava Sigmundsdóttir.



VOGAR

Skrifstofa

Vatnsleysustrandarhepps

Löndal 2

190 Vogum

sími: 424 6660

fax: 424 6606

netfang:

skrifstofa@vogar.is

www.vogar.is

Framkvæmda- og veitusvið

Nefndarsvið Alþingis
c/o Helga E. Þórisdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Selfossi, 17.02.2003


Varðar Frumvarp til laga um vatnsveitur

Undirritaður hefur yfirfarið frumvarp til laga um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991, með síðari breytingum. Gerð er eftirfarandi athugasemd og tillaga til úrbóta:

Í upphafi laganna er sett fram sú kvöð á sveitarfélög að þau starfræki vatnsveitur í kaupstöðum og bæjum og því er eðlilegt að draga þá ályktun að lögin nái aðeins til vatnsveitna í þéttbýli. Nú er það svo að mörg sveitarfélög samanstanda af bæði þéttri og dreifðri byggð og reka jafnvel vatnsveitukerfi í hvoru tveggja. Það gæti því valdið misskilningi að í 4. grein, síðustu málsgrein er þess getið að gjaldtaka megi að hámarki nema meðalkostnaði við lagningu heimæða í **sveitarfélaginu** (leturbreyting mín). Til gera skýran greinarmun á dreifbýlisveitu og þéttbýlisveitu er lögð til eftirfarandi breyting á síðustu málsgrein 4. gr.:


Eiganda ber að greiða gjald fyrir lagningu heimæðar og skal gjaldið og gjalddagi þess ákveðið í gjaldskrá sbr. 11 gr. og samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Í þéttbýli skal gjaldið miðað við gerð, stærð og lengd heimæða og má það nema allt að meðalkostnaði við lagningu heimæða í viðkomandi byggð. Í dreifbýli skal gjaldið miðað við gerð, stærð og lengd viðkomandi heimæðar og kostnað þann sem fylgir lagningu heimæðarinnar.

F.h. Vatnsveitu Árborgar
Virðingarfyllst,



Asbjörn Ó. Blöndal
framkvæmdastjóri

Afrit sent bæjarstjóra og Samorku; einnig sent í pósti til nefndarsviðs alþingis



Austur-Hérað

Alþingi
Erindi nr. P 128, 1219
komudagur 21. 2. 2003

Egilsstöðum 20.2.2003

Félagsmálanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTINGU Á LÖGUM UM VATNSVEITUR SVEITARFÉLAGA: UMSÖGN

Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar af mér sem starfsmanni sveitarfélags og yfirmanni vatnsveitu þess, en hafa ekki fengið pólitíska meðferð í sveitarfélaginu. Til þess hefur ekki unnist tími, sökum knapps tíma.

Ég leyfi mér að gera athugasemdir við eftirfarandi:

1. Í 4. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að heimæð vatnsveitu geti verið í einkaeign: Þetta tel ég óheppilegt og geti skapað óvissu um ábyrgð á viðhaldi og viðgerðum. Betra væri að allt dreifikerfi vatnsveitu væri í eigu hennar og að næði inn fyrir vegg og inn fyrir aðaloka (eða vatnsmæli, sjá næstu aths.)
2. Í 5. gr. er gert ráð fyrir vatnsgjaldi sem miðist við fasteignamat. Hér tel ég brýnt að lögin opni möguleika á því að allt vatn vatnsveitu sé hægt að selja samkvæmt magnmæli. Ávinningurinn af sölu vatns eftir magni er ótvíræður, frá umhverfissjónarmiði. Neysluvatns er sums staðar aflað með dælingu, og er þá vinnslukostnaður þess háður magni. Sala vatns eftir magni er auk þess til þess fallin að efla umhverfisvitund neytandans.

Með bestu kveðju,


Þórhallur Pálsson
forstöðumaður Umhverfissviðs



Austur Hérað
Hefur fengið nýtt
símanúmer:
4 700 700 - skiptiborð
4 700 701 - fax